

## SAMÞYKKT

### um kattahald í Sveitarfélaginu Ölfusi.

#### 1. gr.

Kattahald í þéttbýlisstöðunum (skilgreining á þéttbýli skv. 1. kafla 1.3 skipulagsreglugerðar nr. 400/1998) í Sveitarfélaginu Ölfusi sætir þeim takmörkunum sem um greinir í samþykkt þessari.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

#### 3. gr.

Samþykkt þessi hefur það að markmiði að stuðla að því að umráðamenn katta fari vel með ketti sína, sjái til þess að þeir lendi ekki á flækingi, valdi ekki nágrönnum óþægindum eða tjóni og til verndar fuglalífi í sveitarfélaginu.

#### 4. gr.

Þeir sem óska eftir leyfi til kattahalds skulu sækja um það til skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss. Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Ennfremur skal eigandi eða umráðamaður kattar láta auðkenna hann varanlega með húðflúri í eyra eða örmerki í samræmi við 4. mál. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

Eigandi greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

#### 5. gr.

Um leyfi til kattahalds í fjöleignahúsum fer í samræmi við ákvæði laga nr. 26/1994, með síðari breytingum, og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu kattarins þar sem samþykkis er krafist.

#### 6. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

#### 7. gr.

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Kattaræktendur geta þó fengið heimild til að halda fleiri ketti.

## 8. gr.

Eigendum katta er skylt að koma í veg fyrir að kettir þeirra séu á flækingi utan dyra frá kl. 24.00 að nóttu til kl. 07.00 að morgni.

Forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma frá 1. maí til 31. ágúst, með því að hengja bjöllu á kött sinn, eða eftir atvikum að takmarka útiveru hans frekar en segir í 1. mgr.

## 9. gr.

Eigi er leyfilegt að hafa ketti í opinberum stofnunum, skólahúsum, matvöruverslunum eða öðrum þeim stöðum sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, matvælafyrirtækjum, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1999, með síðari breytingum, vatnsveitum, vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, brunnnum og sjóveitum.

## 10. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 3 sólarhringa áður en þeim er lógað. Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðahverfum er dýraeftirlitsmanni heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum köttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

## 11. gr.

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast dýraeftirlitsmaður á hennar vegum, framkvæmd og eftirlit með kattahaldi í Sveitarfélaginu Ölfusi. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef köttur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili kattarins tálmi starf eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valdi því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýrið. Að öðru leyti starfar dýraeftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar Suðurlands við sín eftirlitsstörf.

## 12. gr.

Gjald samkvæmt 2. mgr. 4. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

## 13. gr.

Með broti á samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Nr. 178

22. febrúar 2006

14. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ölfuss staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 22. febrúar 2006.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2006